



Bæjarstjórn Garðabæjar 14. (966)/2025

Boðað er til 14. (966). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. október 2025 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2510001F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/10 '25.
2509368 - Brunavarnaáætlun höfuðborgarsvæðisins
2. 2510013F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/10 '25.
3. 2510003F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 7/10 '25.
4. 2510010F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 9/10 '25.
5. 2510004F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 8/10 '25.
6. 2509041F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 2/10 '25.
7. 2501149 - Fundargerð stjórnar SSH frá 6/10 '25.
8. 2502221 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 24/9 '25.
9. 2504457 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 29/9 '25.
10. 2502040 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 1/10 '25.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
13. (965). fundur 2025

Fimmtudaginn 2. október 2025 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Stella Stefánsdóttir varabæjarfulltrúi, Guðfinnur Sigurvinsson bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi og Guðlaugur Kristmundsson bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Margrét Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 18. september 2025 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2509027F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/9 '25.

Björg Fenger ræddi 4.tl. deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts. Golfvöllur og útivistarskógur, 7.tl. Hnoðraholt-háholt, deiliskipulag og 16.tl. Lambamýri, fjölnota aðstaða fyrir eldri borgara - skoðunarferð.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 16.tl. Lambamýri, fjölnota aðstaða fyrir eldri borgara - skoðunarferð.

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 10.tl. Tónlistarskóla - Kirkjulundur, deiliskipulagsbreytingu.

Almar Guðmundsson ræddi 16.tl. Lambamýri, fjölnota aðstaða fyrir eldri borgara - skoðunarferð.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 14.tl. reglur um ferðastyrki ÍTG.

Fundargerðin sem er 16.tl. er samþykkt samhljóða.

2409044 - Mávanes 13 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 18. september 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Arnarness sem nær til lóðarinnar Mávanes 13. Tillagan hefur það markmið að skapa grundvöll fyrir byggingarleyfi fyrir bátaskýli sem hefur verið reist og nær út fyrir lóðarmörk. Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðarmörk að vestanverðu breytast þannig að byggingarreitur bátaskýlis verði innan lóðar. Stærð lóðar er óbreytt. Byggingareitur íbúðarhúss skerðist sem nemur byggingarreit bátaskýlis. Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vekja skal athygli á auglýsingunni með því að senda dreifibréf í öll hús við Mávanes.

2202488 - Deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts. Golfvöllur og útivistarskógur.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 18. september 2025 varðandi tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts ásamt umsögnum og athugasemdum.

Lögð var fram greinargerð deiliskipulagsráðgjafa með tillögu að svörum við athugasemdum. Jafnframt var lögð fram skýrsla Eflu um áhrif tillögunnar á umferð aðliggjandi svæða. Skipulagsnefnd ítrekar að í svörum við athugasemdum er tekið fram að tenging Vorbrautar við Öldusali muni aðeins koma þegar þörf er á. Eftirfarandi atriðum er breytt í greinargerð eftir auglýsingu tillögunnar m.t.t. umsagna og ábendinga: Kafli 3.2. Bætt við að leita skuli samráðs við Náttúruverndarstofnun vegna náttúrugarðs. Kafli 3.4. Bætt við skilmála að samráð skal haft við viðeigandi veituaðila vegna veitumála. Kafli 3.4.1 Bætt við skilmálum um framkvæmdir innan helgunarsvæðis háspennulínu. Eftirfarandi atriðum er breytt á uppdráttum deiliskipulagsins eftir auglýsingu tillögunnar m.t.t. umsagna og ábendinga: Hnoðraholtslína: helgunarsvæði loftlínu og jarðstrengs sett inn á deiliskipulagsuppdrátt og skýringaruppdrætti. Golfbrautir á skýringaruppdrætti sýndar með tilliti til Hnoðraholtslínu en frekari hönnun í samráði við Landsnet, sjá greinargerð. Flóttamannavegur: 60 m helgunarsvæði stofnvegur skv. flokkun Vegagerðarinnar sett inn á uppdrætti. Friðlýsingarmörk látin ná að græna stignum við Vífilstaðavatn. Útivistarskógur í Smalaholti: Bílastæðum norðan Elliðavatnsvegar fjölgað um 10 stæði Lega útivistarstíga lagfærð á stuttum köflum til að fækka þverunum þeirra yfir reiðstíg í Smalaholti. Deiliskipulagið kallar á breytingar á aðliggjandi deiliskipulagsáætlunum; Hnoðraholt norður, Vetrarmýri-Miðsvæði og Heiðmörk og Sandahlíð, sem liggja fyrir afgreiðslu á fundi þessum og hafa verið samþykktar í skipulagsnefnd sem óverulegar breytingar og munu hljóta staðfestingu um leið og deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts. Ennfremur hefur óveruleg breyting rammahluta aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 verið samþykkt þar sem mörk milli landnotkunarflekanna 4.10 Íþ og opins svæðis í Smalaholti breytast til aðlögunar að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts. Skipulagsnefnd samþykkti deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts með framangreindum breytingum í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

2504060 - Smalaholt, óveruleg breyting Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 18. september 2025 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar, rammahluta Vífilstaðalands sem gerir ráð fyrir breytingu á afmörkun landnotkunarreitsins 4.10 Íþ til samræmis við tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna sem óverulega breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Senda skal breytinguna til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun.

2509304 - Heiðmörk og Sandahlíð, óveruleg dsk breyting vegna skipulagsmarka.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 18. september 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar sem gerir ráð fyrir því að afmörkun deiliskipulagssvæðis breytist til aðlögunar að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts. Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning er felld niður þar sem að tillagan er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts. Tillagan skal hljóta staðfestingu um leið og tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts.

2409103 - Hnoðraholt-háholt, deiliskipulag

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 18. september 2025 varðandi tillögu að deiliskipulagi háholts Hnoðraholts. Tillagan gerir alls ráð fyrir 77 íbúðareiningum,

þar af 26 einbýlishúsum, 41 raðhúsaeyningu, 2 parhúsaeyningum og 8 fjölbýliseiningum, ýmist á einni eða tveimur hæðum. Auk þess er gert ráð fyrir lóð fyrir leikskóla og búsetukjarna. Megináhersla deiliskipulagsins er að skapa lágreista og uppbrotna íbúðabyggð sem fellur að landinu á háholti og niður hliðarnar í suðurhluta Hnoðrahólts. Gert er ráð fyrir blöndu einbýlishúsa og raðhúsa, einnar og tveggja hæða, sem raðast í sveigðar byggðalínur í takt við hæðarlínur og landslag. Græn svæði og stígar tengja byggðina innbyrðis og við nærliggjandi hverfi. Áhersla er lögð á að byggðin styðji við fjölbreytni í búsetu og aðgengi að náttúru og útivist. Mikilvægt er að tryggja góða tengingu við Vetrarbraut, stíga yfir háholtið og framtíðaruppbyggingu aðliggjandi svæða í Vífilstaðalandi. Deiliskipulagið tekur mið af sjálfbærum lausnum í innviðum, þar með talið blágæna meðferð ofanvatns, vistvænt efnisval og aðgengi fyrir gangandi og hjólandi. Skipulagsnefnd samþykkti að vísa tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Boða skal til kynningarfundar á meðan á auglýsingu tillögunnar stendur.

2410080 - Hnoðraholt - Háholt - Aðalskipulagsbreyting

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 18. september 2025 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til háholts Hnoðrahólts ásamt erindi Skipulagsstofnunar vegna tillögunnar þar sem að fram kemur að stofnunin geri ekki athugasemd við auglýsingu breytingartillögunnar. Auglýsa skal tillöguna samhliða tillögu að deiliskipulagi að háholti Hnoðrahólts.

2509095 - Hnoðraholt N - Dsk.br. leikskóla- og þjónustulóð

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 18. september 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts Norður sem gerir ráð fyrir því að lóðir fyrir leikskóla og búsetukjarna eru felldar út enda er gert ráð fyrir sambærilegum lóðum í tillögu að deiliskipulagi háholts Hnoðrahólts og tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar sem nær til háholtsins. Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal auglýsa hana samhliða tillögu að deiliskipulagi háholts Hnoðrahólts og tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til háholts Hnoðrahólts.

2509269 - Tónlistarskóli - Kirkjulundur - dsk br.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 18. september 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Miðbæjar sem nær til lóðar tónlistarskóla við Kirkjulund. Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vekja skal athygli lóðarhafa við Kirkjulund og Hofslund á auglýsingu með dreifibréfi.

2505330 - Bréf SSH um farsældarráð höfuðborgarsvæðisins, samning, skipurit og starfsreglur, dags. 15.09.2025.

Bæjarstjórn samþykkir samning sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur og Seltjarnarnesbæjar um svæðisbundið farsældarráð, ásamt starfsreglum ráðsins og felur Almari Guðmundssyni, bæjarstjóra, að undirrita samninginn fyrir hönd Garðabæjar.

2508208 - Reglur um ferðastyrki ÍTG

Bæjarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að breytingum á reglum Garðabæjar um ferðastyrki til íþróttafólks Garðabæjar vegna þátttöku í landsliðsverkefnum erlendis.

2. 2509033F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/9 '25.

Björg Fenger ræddi 1.tl. opnun tilboða í byggingarrétt lóða í vetrarmýri, 2.tl. hjúkrunarheimili og þjónustu við fólk sem bíður eftir hjúkrunarrými og lagði til að bókun bæjarráðs yrði árétuð af bæjarstjórn og tekin upp í fundargerð:

"Bæjarráð kallar eftir ákvörðunum stjórnvalda um uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis í Garðabæ. Loforð sveitarfélagsins um lóð liggur fyrir og allar skipulagsforsendur sömuleiðis. Aðeins 60 hjúkrunarrými eru í dag í okkar vaxandi sveitarfélagi sem telur rúmlega 21 þúsund íbúa.

Þá hvetur bæjarráð yfirvöld til að standa við löngu gefið loforð um 10 ný dagdvalarrými á hjúkrunarheimilinu Ísafold. Tvö ár eru síðan heilbrigðisráðuneyti heimilaði fleiri rými, sem ekki hefur verið efnt.

Garðabær lýsir sig reiðubúinn í samstarf við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um mikilvæga samþættingu á heimahjúkrun og heimaþjónustu fyrir eldri íbúa, sem yrði til hagsbóta fyrir notendur þjónustunnar."

Þá ræddi Björg 4.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Kópavogsbær - aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagsbreyting Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir, umsögn.

Fundargerðin sem er 8.tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2509024F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 17/9 '25.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. afreksstyrki 2025 - seinni úthlutun, 2.tl. umsókn um styrk til handknattleiksdeildar Stjörnunnar vegna forkeppni Evrópudeildar, 3.tl. reglur um ferðastyrki ÍTG og lagði til að bókun ÍTG yrði árétuð af bæjarstjórn og tekin upp í fundargerð: "ÍTG hvetur til þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu geri úttekt á reglum sem gilda um ferðastyrki á svæðinu og skoði fýslileika þess að þær verða samræmdar eins og kostur er."

Þá ræddi Hrannar Bragi 4.tl. forvarnarviku Garðabæjar 2025, 5.tl. íþrótt- og tómstundaping Garðabæjar, 6.tl. framtíðar uppbyggingu íþróttaaðstöðu, 7.tl. GKG kynningu fyrir ÍTG og 8.-28.tl. umsóknir um styrki úr afrekssjóði íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 6.tl. framtíðar uppbyggingu íþróttaaðstöðu.

Brynja Dan Gunnarsdóttir ræddi 4.tl. forvarnarviku Garðabæjar 2025.

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 4.tl. forvarnarviku Garðabæjar 2025.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi 4.tl. forvarnarviku Garðabæjar 2025 og 6.tl. framtíðar uppbyggingu íþróttaaðstöðu.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 2509023F - Fundargerð leikskólanefndar frá 17/9 '25.

Margrét Bjarnadóttir ræddi 1.tl. könnun Gallup á breytingum á starfsumhverfi leikskóla og 2.tl. leikskólar - staða innritunar.

Brynja Dan Gunnarsdóttir ræddi 1.tl. könnun Gallup á breytingum á starfsumhverfi leikskóla og 2.tl. leikskólar - staða innritunar.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 1.tl. könnun Gallup á breytingum á starfsumhverfi leikskóla.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. könnun Gallup á breytingum á starfsumhverfi leikskóla og 2.tl. leikskólar - staða innritunar.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2509019F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 18/9 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2509003F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 18/9 '25.

Stella Stefánsdóttir ræddi 1.tl. tillögu um myndun rýnihópa varðandi þjónustu við fatlað fólk.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. tillögu um myndun rýnihópa varðandi þjónustu við fatlað fólk.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2509004F - Fundargerð velferðarráðs frá 19/9 '25.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 1.tl. aðgerðaráætlun Garðabæjar í jafnréttismálum 2024-2026, 2.tl. endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks, 3.tl. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti og 4.tl. frístundaþjónusta.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2501538 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29/9 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2501149 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 15/9 og 22/9 '25.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

10. 2501492 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 12/9 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2502221 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12/9 '25.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. fjárhagsáætlun 2026, 2.tl. hleðsluútboð, 5.tl. fargjaldtekjur, 6.tl. aðgengi fyrir öll og 7.tl. breytingarstjórnun og staða stofnunar nýs félags.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 2509139 - Fundargerð eigendafundar Sorpu bs. frá 22/9 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

13. 2502251 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 19/9 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

14. 2502040 - Fundargerðir samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 12/6 og 17/9 '25.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi fundargerð 17. september 2025, 1.tl. drög að fjárhagsáætlun samstarfsnefndar skíðasvæðanna fyrir árið 2026.

Almar Guðmundsson ræddi fundargerð 17. september 2025, 1.tl. drög að fjárhagsáætlun samstarfsnefndar skíðasvæðanna fyrir árið 2026 og 2.tl. umræðu um Skálafell.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

15. 2509462 - Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2026.

Lögð fram til afgreiðslu gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sem samþykkt var á stjórnarfundi 19. september 2025. Bæjarstjórn samþykkir samþykktina fyrir sitt leyti.

16. 2506043 - Kosning fulltrúa í fastanefnd.

Gerð tillaga um að Rakei Norðfjörð Vilhjálmsdóttir (B) verði kjörin varamaður í umhverfisnefnd í stað Einars Arnar Ævarssonar (B).

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bærarstjórnar Garðabæjar 2. október 2025 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bærarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir

Alv. Leth

Sigr. Huldur Jónsd.

Guðlaugur

Þorbjörg Páldóttir

Þorbjörg Björnsdóttir

Borg Lægis

Ing. D.

Ing. D.

Hella R. D.

Ólafur D. G.

Bæjarráð Garðabæjar
36. (2184). fundur 2025

Þriðjudaginn 7. október 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningar sviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2509368 - Brunavarnaáætlun höfuðborgarsvæðisins - kynning.

Á fund bæjarráðs mættu Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri SHS, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri og Ingveldur Lára Þórðardóttir skrifstofustjóri og kynntu brunavarnaráætlun höfuðborgarsvæðisins. Áætlunin er sett á grundvelli laga um brunavarnir og markmið hennar er að tryggja að slökkviliðið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þær áhættur sem eru í sveitarfélaginu. Brunavarnaáætlunin á að stuðla að því að vernda líf og heilsu fólks, umhverfi og eignir með fullnægjandi eldvarnaeftirliti og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja brunavarnaráætlun fyrir starfssvæði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. skv. 13.gr. laga nr. 75/2005 um brunavarnir og fela Almari Guðmundssyni, bæjarstjóra, að staðfesta áætlunina fyrir hönd Garðabæjar.

2. 2506184 - Niðurstöður könnunar Gallup á breytingum á starfsumhverfi leikskóla.

Guðbjörg Linda Udengard sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs og Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi, kynntu niðurstöður skoðanakönnunar Gallup fyrir Garðabæ um leikskólamál í Garðabæ - stjórnendur/starfsfólk.

3. 2510012 - Starfsmannakannanir

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs, þróunar- og þjónustusviðs og fjármála og stjórnsýslusviðs um starfsmannakannanir í Garðabæ vegna fyrirspurnar Viðreisnar og Garðabæjarlistans um starfsmannakannanir síðustu sex ár.

Bókun Viðreisnar og Garðabæjarlistans: "Viðreisn og Garðabæjarlistinn óskuðu eftir að ræða starfsmannakannanir á þessum fundi og við þökkum sviðstjórum fyrir minnisblað um stöðu mála."

4. 2510036 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar UMF Stjörnunnar um tímabundið áfengisleyfi vegna herra- og kvennakvölds í Miðgarði.

Lögð fram umsókn UMF Stjörnunnar vegna herra- og kvennakvölda Stjörnunnar, sem halda á 10.

og 11. október 2025 í Miðgarði, Vetrarbraut 30. Bæjarráð gerir ekki fyrir sitt leyti athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

5. 2509532 - Styrkbeiðni Garðakórsins, kórs eldri borgara í Garðabæ, dags. 12.09.25.

Bæjarráð vísar bréfinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2025.

6. 2508116 - Tilkynning frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga varðandi fyrstu áætlun almennra jöfnunarframlaga og nýtt úthlutunarlíkan.

Lagðar fram tillögur ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um áætlaðar úthlutanir á árinu 2026.

Í áætluð framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna og fjölda notenda, er ráðgert framlag til Garðabæjar kr. 126.573.873.

Í áætluð um framlög til almennra grunnskólaframlaga, er ráðgert framlag til Garðabæjar kr. 421.350.569.

Í áætluð almenn jöfnunarframlög 2026, er ráðgert framlag til Garðabæjar kr. 201.460.017.

7. 2510007 - Bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins varðandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2026, dags. 30.09.25.

Lagt fram bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins varðandi fjárhagsáætlun 2026. Áætlað framlag Garðabæjar er kr. 251.736.000.

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026.

8. 2510052 - Bréf innviðaráðuneytisins um minningardag fórnarlamba umferðarslysa, dags. 30.09.25.

Lagt fram bréf innviðaráðuneytisins þar sem tilkynnt er um að árlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa verði haldinn sunnudaginn 16. nóvember 2025.

9. 2509539 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu fyrir árin 2025-2040, 85. mál, dags. 26.09.25.

Lagt fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 7. október 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
37. (2185). fundur 2025

Þriðjudaginn 14. október 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Ingvar Arnarson varamaður, Hlynur Elías Bæringsson varamaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2503029 - Sjóvarnir

Egill Daði Gíslason, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda og Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs gerðu grein fyrir stöðu sjóvarna á Álftanesi og Garðahverfi og fyrirhuguðum úrbótum vegna rofs sem hefur komið í sjóvarnargarða vegna ágangs veðurs. Bæjarráð telur ástand sjóvarna í bænum óásættanlegt, enda mannvirki í eigu íbúa og sveitarfélagsins í hættu. Afar brýnt er að ekki verði tafir á fyrirhuguðum endurbótum Vegagerðarinnar á varnargörðum á Álftanesi og Hlíðsnesi og þær hefjist á þessu ári. Ljóst er að framkvæmdaáætlun Vegagerðarinnar gengur ekki nægilega langt. Því er skorað á innviðaráðherra og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að tryggja fjármögnun á frekari endurbótum á sjóvörnum innan Garðabæjar.

2. 2509035 - Garðatorg 7, 5. hæð - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Garðabæ, kt. 570169-6109, leyfi fyrir innanhússbreytingum hjá Garðabæ á 5. hæð Garðatorgs 7.

3. 2406092 - Gilsbúð 7 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Not ehf., kt. 580402-2750, leyfi til að breyta skrifstofurými (204) í íbúð að Gilsbúð 7.

4. 2506441 - Vorbraut 16 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Dverghömrur ehf., kt. 610786-1629, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 14 íbúðum að Vorbraut 16.

5. 2506512 - Þorraholt 3 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ÞG Hnoðraholti ehf., kt. 660124-0470, leyfi fyrir byggingu 5 íbúða fjölbýlishúss að Þorraholti 3.

6. **2505346 - Þorraholt 5 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ÞG Hnoðraholti ehf., kt. 660124-0470, leyfi fyrir byggingu fjölbýlishúss með 5 íbúðum að Þorraholti 5.
7. **2505017 - Þorraholt 9 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ÞG Hnoðraholti ehf., kt. 660124-0470, leyfi fyrir byggingu 5 íbúða fjölbýlishúss að Þorraholti 9.
8. **2504374 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um rekstrarleyfi - Forsetinn - Lambamýri 5**
Í umsókninni kemur fram að sótt er um leyfi til reksturs Veitingaleyfis í flokki II - C veitingastofu og greiðasölu að Lambamýri 5. Bæjarráð gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt, en með því skilyrði að afgreiðslutími áfengis verði til kl. 23:00 daginn fyrir fridaga en ekki miðnættis eins og fram kemur í umsókninni. Þannig beri umsækjanda að gæta hagsmuna nágretta m.t.t. opnunartíma.
9. **2510152 - Fyrirspurn ÖBÍ réttindasamtaka um biðtíma eftir NPA þjónustu, dags. 09.10.25.**
Fyrirspurn frá ÖBÍ varðandi biðtíma eftir notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) sem sveitarfélög veita á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
Bæjarráð vísar fyrirspurninni til afgreiðslu hjá velferðarsviði.
10. **2510167 - Tilkygning frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála um stjórnsýslukæru nr. 154/2025 - Framkvæmdir við lóðamörk Fífumýri 15**
Lögð fram kæra lóðarhafa við Fífumýri 13 vegna ábendinga kæranda um veruleg frávik frá grenndarkynningu á framkvæmdum að Fífumýri 15.
Bæjarráð felur Hjalta Steinþórssyni að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.
11. **2510093 - Tilkygning frá Byggðastofnun um Byggðaráðstefnu þann 4. nóvember nk.**
Lagt fram erindi Byggðastofnunar vegna Byggðaráðstefnunnar 2025, sem haldin verður þriðjudaginn 4. nóvember 2025 í Skjólbrekku í Mývatnssveit. Yfirskrift ráðstefnunnar og viðfangsefni er "Félagslegur fjölbreytileiki samfélaga, jafnvægi, áskoranir eða vannýtt sóknarfæri?".
12. **2510169 - Bréf Kvenréttindafélags Íslands um 50 ára afmæli kvennafrídagsins þann 24. október, dags. 06.10.25.**
Bæjarráð tekur undir þau meginmarkmið kvennaverkfalls að hefðbundin kvennastörf, jafnt launuð sem ólaunuð, skuli meta að verðleikum. Stjórnendur hjá Garðabæ hafa verið hvattir til að huga að skipulag á starfsemi stofnana bæjarins geti verið með þeim hætti að sem að sem flestar konur og kvár geti tekið þátt í baráttudeginum, föstudaginn 24. október 2025, að hluta eða í heild. Mikilvægt er að þess verði gætt að nauðsynlegri þjónustu verði sinnt og að öryggi og heilsu fólks sé ekki stofnað í hættu. Jafnframt er mikilvægt að upplýsa þjónustubega og viðskiptamenn bæjarins um mögulegar skerðingar á þjónustu.
13. **2510173 - Styrkbeiðni Hjálparstarfs kirkjunnar, dags. 09.10.25.**
Bæjarráð vísar bréfinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2026.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 14. október 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Hlynur Elías Bæringsson, (sign)
Rakel Steinberg Sölvadóttir, (sign)

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
67. fundur 2025

Þriðjudaginn 7. október 2025 kl. 08:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Hönnunarsafni við Garðatorg.

Fundinn sátu: Torfi Geir Símonarson formaður, Steinunn Vala Sigfúsdóttir aðalmaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir varabæjarfulltrúi, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2510049 - Bókasafn Garðabæjar, kynning

Forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar kynnti starfssemi safnsins. Nefndin fagnar frábæru starfi og auknum gestafjölda.

Gestir

margrét berndsen Sigurgeirsdóttir - 08:30

2. 2206189 - Tillaga um nafngiftir og fegrun hringtorga í Garðabæ

Tillaga um nafngiftir rædd og verður unnin áfram.

3. 2501370 - Menningarstefna Garðabæjar

Vinna stendur yfir við endurskoðun menningarstefnu Garðabæjar.

4. 2509575 - Styrkur til menningarstarfsemi í Garðabæ

Styrkumsókn hafnað.

5. 2509557 - Styrkur til menningarstarfsemi í Garðabæ

Styrkumsókn hafnað.

6. 2509430 - Styrkur til menningarstarfsemi í Garðabæ

Styrkumsókn samþykkt.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
14. fundur 2025

Fimmtudaginn 9. október 2025 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2406836 - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir skipulagsfræðingur, Daði Baldur Ottósson og Valur Elli Valsson samgönguverkfræðingar frá ráðgjafastofunni Eflu gerðu grein fyrir samgöngumati Miðbæjar sem unnin hefur verið að beiðni skipulagsnefndar. Einnig voru ræddar mögulegar útfærslur á yfirbyggðri göngugötu.

Vísað til úrvinnslu hjá ráðgjöfum og umhverfissviði.

2. 2208190 - Samgöngu-og þróunarás í Garðabæ. Rammahluti aðalskipulags

Jóhanna Helgadóttir arkitekt og skipulagsfræðingur hjá Nordic fór yfir stöðu verkefnisins og valkosti um næstu skref.

Skipulagsnefnd felur umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum að halda áfram samtali við hagsmunaaðila á svæðinu og mótun tillögunnar.

3. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Lögð fram drög að tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness og er í samræmi við drög að tillögu á breytingu deiliskipulags Norðurness.

Vísað til úrvinnslu hjá Umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

4. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag

Lögð fram drög að tillögu á breytingu deiliskipulags Norðurness. Skipulagsstjóri og Guðjón Friðriksson gerðu grein fyrir samtali sem átt hefur sér stað við landeigendur á Norðurnesi.

Vísað til úrvinnslu hjá Umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

5. 2311400 - Hjólreiðastefna Garðabæjar

Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hjá Landslagi og Hrönn Hafliðadóttir verkefnisstjóri skipulagsmála á umhverfissviði gerðu grein fyrir tillögu að hjólreiðastefnu Garðabæjar 2025-2030.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til áframhaldandi vinnu hjá umhverfissviði og ráðgjöfum.

6. **2501011 - Garðprýði 1 - Deiliskipulagsbreyting**
Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Garðahrauns, sem nær til lóðarinnar Garðprýði 1. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundi með þeim sem að hafa gert athugasemdir. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til skoðunar hjá umhverfissviði.
7. **2509008 - Holtstún 14 - breyta lóð - Fyrirspurn til umhverfissviðs**
Lögð fram bókun frá afgreiðslufundi skipulagsstjóra þar sem fyrirspurn lóðarhafa er svarað. Skipulagsnefnd tekur undir svar skipulagsstjóra við fyrirspurn.
8. **2507052 - Hagafliót 1 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**
Lagðar fram athugasemdir sem borist hafa við grenndarkynningu á útfærslu tillögunnar. Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði.
9. **2306521 - Stórás - breyting á deiliskipulagi**
Skipulagsnefnd felur umhverfissviði að leita lausna og gera tillögu að breytingu deiliskipulags ef ástæða er til.
10. **2510094 - Vetrarmýri - Dsk.br. - Skólalóð**
Formaður skipulagsnefndar leggur til að umhverfissviði verði falið að móta tillögu að deiliskipulagi skólalóðar, á því svæði sem aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 gerir ráð fyrir landnotkunarreit (4.07 S) fyrir grunnskóla. Það deiliskipulag verði sett fram sem breyting deiliskipulagsins Vetrarmýri-miðsvæði. Skipulagsnefnd samþykkir tillögu formanns.
11. **2405262 - Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. Lýsing skipulagsverkefnis.**
Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.
12. **2504075 - Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 vegna breyttrar landnotkunar Hrauns vestur, nr. 0723/2024**
Lögð fram greinargerð skipulagstjóra um tillöguna, sem send hefur verið inn sem umsögn í skipulagsgátt, þar sem m.a. eru gerðar athugasemdir. Skipulagsnefnd tekur undir umsögn og athugasemdir skipulagsstjóra.
13. **2510073 - Breyting á greinargerð aðalskipulag Hafnarfjarðar vegna Flensborgarhafnar, nr. 1257/2025: Lýsing**
Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við lýsinguna.
14. **2506304 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Laugardalur, breytt landnotkun. - Ósk um umsögn**
Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við lýsinguna.
15. **2508023F - Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**
Lögð fram
 - 15.1 2405525 - Krókur - svæði 2 - Gásamýri 2-28 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Króks - Svæði 2 sem vísað hefur verið til grenndarkynningar. Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á byggingarreitum og lóðum við Gásamýri 2-12 og 14-28. Þeir sem grenndarkynning nær til hafa staðfest að þau gera ekki athugasemdir við tillöguna. Skipulagsstjóri stytir hér með tíma grenndarkynningar í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skoðast breytingartillagan því samþykkt. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

- 15.2 2506548 - Tjarnarbrekka 13 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram fyrirspurn um girðingar, allt að 1,8 m, á lóðarmörkum við Tjarnarbrekku 13, ásamt samþykki frá nærliggjandi lóðarhöfum. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við útfærslu sem er í samræmi við framlagða uppdrátti. Skipulagsstjóri leggur til að þar sem girðing er tekin inn á lóð skuli koma fyrir runnagróðri, til að milda ásynd að girðingum.

- 15.3 2501426 - Skeiðarás 6 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lagðir fram aðaluppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir atvinnuhúsnæði að Skeiðarási 6, ásamt drögum að samkomulagi lóðarhafa og Garðabæjar um uppbyggingu á lóðinni, þar sem tillit er tekið til legu og stöðu lóðar innan þróunarsvæðis A í gildandi aðalskipulagi Garðabæjar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis enda er það í samræmi við ákvæði gildandi deiliskipulags.

- 15.4 2507240 - Móaflöt 51 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti.

- 15.5 2505026 - Stekkholt 43 - 53 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti.

- 15.6 2507181 - Vorbraut 2 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lagðir fram aðaluppdráttir fjölbýlishúss Vorbrautar 2 sem fylgja umsókn um

byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Uppdrættir eru í samræmi við ákvæði deiliskipulags en bílakjallari er breiðari en deiliskipulag kveður á um. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar hvað breidd bílakjallara varðar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

15.7 2508444 - Kaupún 4 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram fyrirspurn um staðsetningu skýlis fyrir rafbúnað tengdan hraðhleðslustöðvum. Skýlið er 12 m² þg 2,5 m á hæð. Skýlið er innan marka byggingarreglugerðar er varðar framkvæmdir óháðar byggingarleyfi. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við ofangreint skýli innan lóðar Kaupúns 4.

15.8 2508290 - Hamraendi 14-20 - Ósk um umsögn

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Kjóavalla, sem samþykkt var á afgreiðslufundi skipulagsstjóra Kópavogs 31. mars 2025.

Tillagan gerir ráð fyrir 42,1 m² viðbygging innan hestagerðis vestan megin á lóðinni. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,31 í 0,34.

Skiplagsstjóri gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

16. 2509045F - Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram

16.1 2509008 - Holtstún 14 - breyta lóð - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram fyrirspurn um uppskiptingu lóðarinnar Holtstúns 14. Skipulagsstjóri getur ekki fallist á uppskiptingu lóðarinnar, þar sem það er ekki í samræmi við byggðarmynstur á staðnum, sem einkennist af einnar hæðar einbýlishúsum á stórum lóðum sem liggja að tjarnarbakkanum.

16.2 2506388 - Túngata 22 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lagðir fram uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi vegna viðbyggingar við Túngötu 22.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdætti.

16.3 2509260 - Langafit 26 - Breyting á deiliskipulagi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra. Breytingin gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir bílskúr í samræmi við veitt byggingarleyfi frá 1981.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hraunsholts eystra í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum við Löngufit 22 og 24 og Hraunholtsveg 2. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

16.4 2509187 - Aratún 8 - Deiliskipulagsbr

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Silfurtúns. Tillögu er vísað til umsagnar hjá deiliskipulagshöfundi.

16.5 2306581 - Blikanes 27 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lagðir fram uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, vegna nýtingu á óútgröfnu rými í kjallara í Blikanesi 27. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis hvað það varðar.

16.6 2509546 - Hegranes 35 - fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram fyrirspurn vegna endurnýjun þaks við Haukanes 35. Fyrirhuguð útfærsla gerir ráð fyrir því að þakskegg muni ná út fyrir byggingarreit en í deiliskipulagi er kveðið á um að allir húshlutar, þar á meðal þakskegg, skuli vera innan byggingarreits. Skipulagsstjóri vísar útfærslunni til grenndarkynningar hjá eigendum Hegraness 33. hægt er að stytta tíma grenndarkynningar ef þeir sem að grenndarkynning nær til hafa með áritun sinni á uppdrátt staðfest að þau geri ekki athugasemd við útfærsluna.

16.7 2509213 - Hvannalundur 9 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lagðir fram uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, vegna viðbyggingar, við Hvannalundur 9. Viðbygging rúmast innan byggingarreits og er því samræmi við ákvæði deiliskipulags. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdætti.

16.8 2509343 - Skólabraut 5 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lagðir fram uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi á færanlegum kennslustofum við Hofstaðaskóla. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu

byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

16.9 2508514 - Stekkholt 1-9 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Í umsögn kemur fram að bílastæðum á lóð hafi verið víxlað, með tilliti til staðsetningu þeirra á deiliskipulagsuppdrætti. Skoðun leiðir í ljós að það muni ekki hafa áhrif á gatnahönnun.

Skipulagsstjóri gerir því ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
29 (22-26). fundur 2025

Miðvikudaginn 8. október 2025 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðrún Elín Herbertsdóttir varamaður, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2206112 - Fjárhagsáætlun 2023 (2023-2026)

Umhverfisnefnd leggur fram tillögur til fjárhagsáætlunar 2026.

2. 2509565 - Veiðikortið 2026

Umhverfisnefnd samþykkir að endurnýja samstarf við Veiðikortið.

3. 2106578 - Betri Garðabær - stjórnskoðunarsvæði

Umhverfisnefnd fagnar tilkomu stjórnskoðunarsvæðis í Heiðmörk sem hlaut brautargengi í kosningum lýðræðisverkefnisins Betri Garðabær.

4. 2505119 - Trjálundur við Álftanesveg

Umhverfisnefnd fagnar tilkomu söguskiltis sem sett hefur verið upp við skógarlundinn með myndum og ágripi af upphafi skógræktar kvenfélagsins í lundinum.

5. 2510038 - Myndavélar við Grenndargámar

Settar hafa verið upp eftirlitsmyndavélar við 3 grenndarstöðvar í Garðabæ. Við Ásgarð, Sjáland og við Skólabraut.

6. 2506155 - 50 ára afmæli Garðabæjar 2026

Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
33. fundur 2025

Fimmtudaginn 2. október 2025 kl. 08:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Anna María Skúladóttir fulltrúi skólastjóra og Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2509515 - Starfsáætlanir grunnskóla 2025-2026

Starfsáætlanir grunnskóla voru lagðar fram og kynntar. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með metnaðarfullar og vel unnar starfsáætlanir.

2. 2509516 - Menntadagur leik- og grunnskóla 2025

Rætt var um Menntadag Garðabæjar 2025 sem haldinn verður þann 7. nóvember nk. Þar verða m.a. kynnt þau verkefni sem hlotið hafa styrk úr Þróunarsjóði Garðabæjar á árunum 2022 - 2024.

3. 2509517 - Skólaþjónusta Garðabæjar - greining og tölfræði grunnskóla 2024 - 2025

Grunn- og tónlistarskólafulltrúi kynnti fjölda beiðna til sérfræðinga sem bárust skólaþjónustu grunnskóla skólaárið 2024-2025. Í allri vinnu skóla og skólaþjónustu er grunnstefið að leggja áherslu að hefja vinnu með börnum og fjölskyldum þeirra sem allra fyrst samkvæmt þrepaskiptri skólaþjónustu.

Fram kom að börnum sem vísað hefur verið áfram af fagfólki skólaþjónustu sveitarfélagsins, s.s. til Ráðgjafar- og greiningarstöðvar, Geðheilsumiðstöðvar barna og talmeinafræðinga þurfi oft að bíða mjög lengi eftir frekari þjónustu sem veitt er af ríkinu. Af því tilefni ítrekar skólanefnd mikilvægi snemmtækra íhlutunar fagfólks á vegum ríkisins og hvetur til þess að lögð verð áhersla á að stytta biðtími barna í þau úrræði sem fagaðilar sveitarfélagsins hafa vísað börnunum til.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

615. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 6. október 2025
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Almar Guðmundsson, Líf Magneudóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Almar Guðmundsson setur fund og gengið er til dagskrár.

Dagskrá:

1. SSH Fjárhagsáætlun - 1910010

Fyrirliggjandi eru drög að starfs- og fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2026 en þau verða lögð fram til samþykktar á aðalfundi SSH 14. nóvember nk. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Drög að starfs- og fjárhagsáætlun SSH eru lögð fram til kynningar og umræðu og verða lögð fram í endanlegri mynd á fundi stjórnar 3. nóvember nk. og til samþykktar á aðalfundi SSH.

2. SSH Verkefni - 2401005

Umræða um verkefni SSH á komandi vetri og á árinu 2026.

Niðurstaða:

Umræður. Áframhaldandi umræður um þennan lið munu fara fram á fundi stjórnar 3. nóvember nk.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps tekur sæti á fundinum.

3. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Umræður um stöðu mála við stofnun nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða:

Umræður.

4. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi er tillaga að fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, fyrir árið 2026 auk gjaldskrár fyrir komandi ár, sem hafa verið samþykktar af



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

hálfu samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sbr. fyrirbyggjandi fundargerð 430. fundar nefndarinnar dags. 1. október 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 428. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 12. júní 2025 ásamt fundargögnum. Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 429. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 17. september 2025 en á þeim fundi var m.a. eftirfarandi bókað: "Samstarfsnefnd skíðasvæðanna kallar eftir því við eigendavettvang SSH að verkefnahópur um framkvæmdir, er vann að uppbyggingu í Bláfjöllum, endurskoði núverandi samkomulag um uppbyggingu skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í ljósi breyttra forsenda."

Niðurstaða:

Eigendavettvangur skíðasvæðanna vísar fyrirbyggjandi áætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins til áætlanagerðar sveitarfélaganna með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða.

Hvað varðar bókun 429. fundar samstarfsnefndar skíðasvæðanna þá verður unnið að tillögum að breyttri útfærslu áframhaldandi framkvæmda á skíðasvæðunum og verða þær kynntar sérstaklega eins fljótt og kostur er.

5. Umsagnir þingmála - 1910005

Fyrirliggjandi eru drög að umsögn SSH við frumvarp til fjárlaga 2026, en umsagnarfrestur rennur út 9. október nk.

Frumvarp til laga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur þá verið endurflutt og er nú til meðferðar þingnefndar og í umsagnarferli. Umsagnarfrestur rennur út 8. október nk. en SSH eru ekki meðal þeirra aðila sem fengu frumvarpið sent til umsagnar.

Til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda er frumvarp til laga um breytingu um sveitarstjórnarlög en umsagnarfrestur er til 13. október nk.

Niðurstaða:

Umræður um fyrirbyggjandi drög að umsögn SSH við frumvarp til fjárlaga 2026. Er skrifstofu SSH falið að fullgera drögin til samræmis við umræður fundarins og senda til Alþingis.

Skrifstofu SSH er falið að senda umsögn SSH um frumvarp til laga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem send var á síðasta löggjafarþingi, að nýju til nefndarinnar.

Umræður um fyrirbyggjandi frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Skrifstofu SSH er falið að óska eftir auknum fresti til umsagnar og vinna að gerð hennar.

6. Skilavegir - yfirlýsing vegna til sveitarfélaga - 1910012

Áframhaldandi umræða um skilavegi frá 586. fundi og mál þeim tengd en málið var síðast til umræðu á 609. fundi. Í einhverjum tilvikum skilavega, m.a. er varðar Elliðavatnsveg, hefur vegum ekki verið skilað til viðkomandi sveitarfélaga, þar sem endurbætur hafa ekki farið fram til samræmis við



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
fyrirliggjandi greiningar.

Niðurstaða:

Ljóst er að einstakir kaflar og skilavegir falla utan samkomulags við ríkið um Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, þ.e. eru ekki á framkvæmda- né fjárhagsáætlunum vegna hans. Þurfa því sveitarfélögin og SSH að vekja athygli umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis á þörf á endurbótum og fjármögnun vegna þeirra. Það þarf m.a. að gera í tengslum við gerð samgönguáætlunar Alþingis sem nú er í vinnslu.

7. SSH og lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins - samstarf og upplýsingagjöf - 2207002

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur óskað eftir fundi með stjórn SSH og að slíkur fundur verði haldinn á föstudegi í október eða nóvember. Lagt er til að fundurinn verði haldinn föstudaginn 24. október kl. 10:15.

Niðurstaða:

Samþykkt.

8. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003

Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum, dags. ágúst 2023 var kynnt fyrir stjórn á 568. fundi. Í framhaldinu var skipaður sérstakur stýrihópur sem falið var að rýna tillögur og sviðsmyndir skýrslunnar og koma með tillögu að sviðsmynd sem best væri til þess fallin að tryggja skilvirka framkvæmd eftirlits. Einnig var stýrihópnum falið að leggja drög að innleiðingu á miðlægu umsýslukerfi sem tryggi samræmda framkvæmd við afgreiðslu umsókna og eftirlit. Vinna hópsins og hugsanlegar sviðsmyndir voru kynntar fyrir stjórn SSH á 592. fundi.

Frumvarp til að fylgja eftir tillögum stýrihópsins, sem var skilað í maí 2025, er á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar og er framlagning þess fyrirhuguð í nóvember. Samkvæmt fyrirliggjandi áformum um lagasetningu er gert ráð fyrir því að ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum færist frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar og ábyrgð á eftirliti með matvælum færist frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Matvælastofnunar. Drög að frumvarpi hafa enn ekki verið birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Niðurstaða:

Umræður. Umræður um þennan lið verða teknar upp að nýju þegar boðuð frumvarpsdrög liggja fyrir.

9. Svæðisskipulag - fjármál - fjárhagsáætlun - 1510002

Fyrirliggjandi til kynningar er starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2026, sem hefur verið vísað til sveitarfélaganna til umræðu og samþykktar, sbr. bókun 140. fundar nefndarinnar.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

10. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fjárhagsáætlun ársins 2026 vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu. Í framhaldinu verður hún send til aðildarsveitarfélaga SSH og Veitna vegna fjárhagsáætlanagerðar þeirra.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og vísað til fjárhagsáætlanagerðar sveitarfélaganna.

11. Endurnotkun á textíl-tilraunaverkefni - Sóknaráætlun 2024 - 2404010

Skýrsla um tilraunaverkefni um endurnotkun á textíl, sem unnið var á grundvelli samnings SSH og Sorpu bs. dags. 30. ágúst 2024 og fjármagnað með sérstöðu framlagi umhverfis-, orku- og loftslagsráðneytinu er fyrirliggjandi til kynningar. Í skýrslunni er að finna umfjöllun um meðferð textílúrgangs á árinu svo og ýmsar tillögur til úrbóta og hugleiðingar um tækifæri við áframhaldandi meðhöndlun textílúrgangs.

Lagt er til að verkefnið og skýrslan verði nánar kynnt fyrir kjörnum fulltrúum á sérstökum örfundi.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Skrifstofu SSH er falið að undirbúa og boða til örfundar til kynningar á verkefninu.

Valdimar Víðisson bæjarstjóri Hafnarfjarðar fer af fundinum.

12. Nýting gervigreindar í starfsemi sveitarfélaga - Sóknaráætlun 2025 - 2502009

Eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2025 er nýting gervigreindar í starfsemi sveitarfélaga og var DataLab fengið til ráðgjafar vegna þess. Nú liggur fyrir skýrsla um kortlagningu tækifæra í hagnýtingu gervigreindar en hún er afrakstur verkefnisins. Verkefnið var jafnframt kynnt kjörnum fulltrúum á örfundi SSH föstudaginn 26. september sl.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra er falið að móta næstu skref verkefnisins og leggja tillögur þar að lútandi fyrir stjórn.

13. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 140. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 12. september 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

411. fundur

Miðvikudaginn 24. september 2025 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR), sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2026.

Tekið fyrir:

1. Fjárhagsáætlun 2026

Framkvæmdastjóri og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri fóru yfir drög að fjárhagsáætlun 2026. Helstu forsendur eru þjóðhagsspá frá júlí 2025. Fjárhagsáætlun er skipt upp miðað við að starfsemi verði með sambærilegum hætti árið 2026, milli Strætó, Pant akstursþjónustu og nýs félags. Framkvæmdastjóra falið að uppfæra drögin miðað við umræður á fundinum.

Jafnframt óskaði stjórn eftir því að framkvæmdastjóri óskaði eftir upplýsingum frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hver staðan á stofnun nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu væri.

Stjórn samþykkir að senda drög að fjárhagsáætlun 2026 til samþykktar eigenda.

Fundi slitið 8:30

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**54. fundur eigendafundar Strætó bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 29. september 2025
og hófst hann kl. 15:30.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmsdóttir, Almar Guðmundsson, Orri Vignir Hlöðversson, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Alexandra Briem, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Magnús Örn Guðmundsson, Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga 2026 - 2508001

Fyrirliggjandi eru drög að fjárhagsáætlun Strætó bs. vegna ársins 2026. Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. kynnir.

Niðurstaða:

Drögum að fjárhagsáætlun Strætó bs. er vísað til fjárhagsáætlanagerðar sveitarfélaganna, og mun Strætó bs. sjá um sendingu þeirra, en endanleg fjárhagsáætlun verði staðfest síðar eftir nánari yfirferð.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2025, miðvikudaginn 1. október var haldinn 430. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12, Laufbrekku 5. hæð og hófst kl. 07:35

Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Bjarni T. Bjarnason Garðabæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Kristín Thoroddsen Hafnarfirði tók sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð. Andrés B Andreassen tók sæti á fundinum með fjarfundabúnaði.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun samstarfsnefndar skíðasvæðanna fyrir árið 2026.

Samþykkt.

2. Lögð fram tillaga að gjaldskrá skíðasvæðanna 2026.

Samþykkt.

- kl. 7:45 tekur Andri Steinn Hilmarsson sæti á fundinum.

Fundi slitið kl. 08:55.

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson
Bjarni Theódór Bjarnason
Kristín Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Sævar Birgisson